

Starfsleyfi

Trefjar ehf.

Kt. 420178 - 0269

Leyfi til að starfrækja:

Vinnsla með plastefni

Aðsetur starfsemi:

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir leyfi samkvæmt ákvæðum gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Leyfið gildir frá 29. nóvember 2021 til 28. nóvember 2033

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til vinnslu með trefjaplast og önnur plastefni við smíði plastbáta og annars búnaðar og skylds rekstrar sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sbr. og lið 3.10 um plastiðnað í viðauka X. við sömu reglugerð.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar,
- Ákvæðum í auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.
- Ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Athafnasvæði fyrirtækisins, lóðarnýting og úrgangsmál:

1. Fyrirtækið skal takmarka aðgengi óviðkomandi að geymslusvæðið sem er vestan vert á lóð fyrirtækisins og halda athafnasvæði sínu snyrtilegu.
2. Fyrirtækinu ber að skipuleggja nýtingu geymslusvæðis. Hluti lóðar skal skilgreind sem sérstakt svæði til geymslu á úrgangsefnum og eftir atvikum á hráefnum. Svæðið skal aðgreint frá annarri notkun. Um það gildir að;
 - a. afmarka skal sérstakan reit með steypu undirlagi til geymslu á spilliefnum. Frágangi skal lokið fyrir 1. september 2022,
 - b. afmarka skal sérstakan reit fyrir úrgangsgáma og til geymslu á öðrum úrgangi,
 - c. ef efnavara er geymd utandyra skal afmarka skal sérstakan reit með bundnu slitlagi. Frágangi skal lokið fyrir 1. september 2022.
3. Um úrgang og úrgangsilát skal þannig gengið að ekki sé til lýta eða af stafi fok- eða slyshætta
4. Hvers konar urðun eða brennsla á sorpi og öðrum úrgangi er með öllu óheimil á svæðinu.

Sértækar kröfur vegna mengunarvarna

1. Í framleiðsluferli skal notast við bestu aðgengilega tækni og lágmarka losun á styren efnum.
2. Tryggja skal að ryk frá starfseminni valdi ekki nágrönnum eða nálægri starfsemi óþægindum eða skaða.
3. Allt ryk frá rykhreinsibúnaði og uppsópi skal farið með í viðurkennda förgun. Frá því skal gengið með þeim hætti að ekki verði hætt á að það valdi vanda við flutning, meðhöndlun eða við förgun.
4. Tryggt skal að útblástur frá fyrirtækinu skaði ekki eða valdi nágrönnum eða nálægri starfsemi óþægindum.
5. Lágmarka skal geymslu lausamuna á lóð í samræmi við samþykkt skipulag lóðar.
6. Eiturefni skulu geymd í læstu og vel loftræstu rými.
7. Geyma skal önnur hættuleg efni og spilliefni þannig að ekki stafi hætt á af. Spilliefnum skal komið í viðurkennda förgun.


Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær 30. nóvember 2021

The image shows a handwritten signature in blue ink over a circular blue stamp. The stamp contains the text 'HEILBRIGÐISNEFND' at the top and 'HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS' at the bottom. The signature appears to be 'Hortur Þorvaldurson'.